

Félag atvinnurekenda, Húseigendafélagið og Landssamband eldri borgara senda stjórnvöldum eftirfarandi sameiginlega áskorun:

Húseigendafélagið, Landssamband eldri borgara og Félag atvinnurekenda skora á ríki og sveitarfélög að grípa til aðgerða til að hindra að gifurlegar verðhækkanir á fasteignamarkaði leiði til mikilla hækkana fasteignagjalda á eignir fólks og fyrirtækja.

- Til **skemmri tíma** þurfa sveitarstjórnir, sem vinna nú að gerð fjárhagsáætlana fyrir næsta ár, að lækka álagningarprósentu fasteignaskatta og -gjalda til að sporna gegn sjálfvirkum hækkunum álagna.
- Til **lengri tíma** þurfa ríki og sveitarfélög að ná saman um leiðir til að breyta óskiljanlegu og ósanngjörnu kerfi þar sem skattlagning fólks og fyrirtækja eltir sveiflur í eignaverði.

Fasteignamat ársins 2023 er 19,9% hærra en ársins 2022. Án aðgerða af hálfu sveitarfélaganna mun sú hækkun leiða til samsvarandi hækkunar fasteignaskatta og -gjalda. Til að setja þessar hækkanir í samhengi má nefna að hækkun vísitölu neysluverðs undanfarna 12 mánuði er 9,7%. Hækkun launavísitölu frá júní 2021 til maí 2022 er um 8%. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga má vænta 6% hækkunar ellilífeyris á næsta ári. Eldri borgarar eru því í sérstaklega erfiðri stöðu, þar sem þeir geta yfirleitt ekki sótt sér auknar tekjur til að mæta hærri skattbyrði.



Hækkun fasteignaskatta og -gjalda bætir enn í verðbólguna. Húsaleiga jafnt atvinnu- sem íbúðarhúsnæðis hækkar og fyrirtæki neyðast til að hækka verð. Sveitarfélögin geta ekki hlaupist undan sinni ábyrgð á því verkefni að ná tökum á verðbólgunni.

Álagðir fasteignaskattar sveitarfélaganna hækkuðu um 50,2% á hvern íbúa á árunum 2015-2021. Það var rúmlega tvöföld hækkun neysluverðsvísitölu á sama tíma, sem nam 24%. Álögur hafa þannig hækkað langt umfram eðlileg viðmið undanfarin ár. Meiri hækkanir eru yfirvofandi nema eitthvað verði að gert, því að hækkun vísitölu markaðsverðs íbúðarhúsnæðis hefur t.d. verið 22,6% undanfarna 12 mánuði.

Útreikningur fasteignamats er ógegnsær og uppfyllir ekki þá einföldu kröfu að skattgreiðandinn skilji hvernig skatturinn er reiknaður út. Fasteignamatið er aðallega gjaldstofn fyrir ýmsar opinberar álögur en er að öðru leyti til lítils gagns. Mikla peninga og mannafla kostar að halda því úti, sem skýtur skökku við á meðan fjármálaráðherra boðar einföldun og fækkun stofnana í ríkisrekstrinum. Auðvelt væri að nota annan gjaldstofn, til dæmis brunabótamat, fermetrafjöldi eða aðra viðmiðun sem fylgir ekki sveiflum í fasteignaverði og dregur þannig á eftir sér sjálfvirka röð hækkana.

Húseigendafélagið, Landssamband eldri borgara og Félag atvinnurekenda skora á Bjarna Benediktsson fjármálaráðherra og Sigurð Inga Jóhannsson ráðherra sveitarstjórnarmála að beita sér fyrir viðræðum við sveitarfélögin og hagsmunaaðila um að breyta lögum um fasteignamat og tekjustofna sveitarfélaga og koma á gegnsærra og sanngjarnara kerfi.

Reykjavík, 21. september 2022